

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 15/1999
frá 29. janúar 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/98 frá 18. desember 1998⁽¹⁾.

Bókun 9 við lög um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á⁽²⁾ hefur, frá því Austurríki öðlaðist aðild að Evrópusambandinu þann 1. janúar 1995, komið í stað samningsins milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Austurríkis um umflutning vara á vegum og járnbrautum⁽³⁾.

Í 11. og 12. gr. bókunar 9 við lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar er kveðið á um sérstakt fyrirkomulag í tengslum við gegnumför þungaflutningabifreiða um Austurríki og í tengslum við millilandaflutninga á vörum á vegum til og frá Austurríki sem grundvallast á kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi).

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94⁽⁴⁾ frá 21. desember 1994 eru ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, samkvæmt 11. gr. bókunar 9 við lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 18.11.1999, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 373, 21.12.1992, bls. 6.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 341, 30.12.1994, bls. 20.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96 frá 30. júlí 1996⁽⁵⁾ er til breytingar á reglugerð (EB) nr. 3298/94.

Bókun 9 við lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96 skulu felldar inn í samninginn.

Aðlögunarliðirnir við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja⁽⁶⁾, sem er að finna í 6. lið A-hluta VI. kafla í I. viðauka við lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, skulu felldir inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt og hún aukin með:

- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),
- **394 R 3298:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 frá 21. desember 1994 um ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, samkvæmt 11. gr. bókunar 9 við lög um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (Stjtið. EB L 341, 30.12.1994, bls. 20),
- **396 R 1524:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96 frá 30. júlí 1996 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3298/94 að því er varðar umhverfispunktakerfið fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki (Stjtið. EB L 190, 31.7.1996, bls 13).“

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 190, 31.7.1996, bls. 13.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1, eins og þau voru leiðrétt með Stjtið. EB L 213, 29.7.1992, bls. 36.

2. gr.

Í stað aðlögunarliða a) til g) í lið 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) í XIII. viðauka við samninginn komi eftirfarandi:

„a) Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi.

„Við flutninga frá samningsríki til þriðja lands og öfugt gildir þessi reglugerð ekki um þann áfanga ferðar sem er farinn á yfirráðasvæði samningsríkis þar sem fermt er eða affermt, nema samningsaðilar hafi komið sér saman um annað.“;

b) Í stað 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á ákvæði um flutninga frá EFTA-ríki til þriðja lands, sem um getur í 2. mgr. í tvíhliða samningum milli EFTA-ríkis og þriðja lands, sem heimila, annaðhvort með tvíhliða leyfisveitingum eða samningum um afnám hafta, vöruflutningafyrirtækjum, með staðfestu í öðru samningsríki, færingu og affermingu í samningsríki, að því tilskildu að meginreglan um jafnræði milli flutningafyrirtækja bandalagsins og flutningafyrirtækja frá EFTA-ríki sé virt“;

c) EFTA-ríkin skulu viðurkenna bandalagsleyfi sem eru gefin út af aðildarríkjum EB í samræmi við reglugerðina. Vegna slíkrar viðurkenningar skulu tilvísanir til „bandalagsins“, í Almennum ákvæðum um bandalagsleyfi í I. viðauka reglugerðarinnar, vera til „bandalagsins og Íslands, Liechtensteins og Noregs“ og tilvísanir til „aðildarríkja“ vera til „aðildarríkis(-ríkja) EB og (eða) Íslands, Liechtensteins og Noregs.“;

d) bandalagið og aðildarríki EB skulu viðurkenna leyfi sem eru gefin út af EFTA-ríki í samræmi við reglugerðina, eins og hún er aðlöguð í b-hluta I. viðauka í 1. viðbæti við þennan viðauka.;

e) leyfi gefið út af EFTA-ríki skal svara til fyrirmyndarinnar í 1. viðbæti við þennan viðauka.“

3. gr.

Viðbætir í viðauka við þessa ákvörðun komi í stað 1. viðbætis við XIII. viðauka við samninginn.

4. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) í XIII. viðauka við samninginn:

„26aa. **1 94 N**: Bókun 9 við lög um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun á sáttmálanum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1), eins og henni var breytt og hún aukin með:

- **394 R 3298**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 frá 21. desember 1994 um ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, samkvæmt 11. gr. bókunar 9 við lög um aðild, Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar (Stjtið. EB L 341, 30.12.1994, bls 20),
- **396 R 1524**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96 frá 30. júlí 1996 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 3298/94 að því er varðar umhverfispunktakerfið fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki (Stjtið. EB L 190, 31.7.1996, bls 13).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Með því að bæta við umhverfispunktum, sem reiknaðir eru út á grundvelli viðmiðunarársins 1991, fyrir samtals 25 700 einstakar umflutningsferðir á ári (Ísland: 100; Liechtenstein: 21 000; Noregur: 4 600) verði taflan í 9. gr. reglugerðarinnar sem hér segir:

Ár (1)	Hundraðshlutfall umhverfispunkta (2)	Umhverfispunktar fyrir ökutæki samningsaðila (3)
1991	100%	23 962 280
1998	54,8%	13 131 329
1999	51,9%	12 436 423
2000	49,8%	11 933 215
2001	48,5%	11 621 706
2002	44,8%	10 735 101
2003	40,0%	9 584 912

b) Taflan í viðauka D við reglugerðina verði sem hér segir:

Aðildarríki EB, Liechtenstein, Ísland og Noregur	Einingar
Austurríki	214 800
Belgía	32 500
Danmörk	40 500
Þýskaland	482 500
Grikkland	60 500
Spánn	1 200
Finnland	4 600
Frakkland	5 000
Írland	1 000
Ísland	100
Ítalía	510 000
Liechtenstein	21 000
Lúxemborg	5 000
Holland	123 500
Noregur	4 600
Portúgal	400
Svþjóð	7 500
Breska konungsríkið	8 500
Samtals	1 523 200 ^{cc}

5. gr.

Fullgiltur texti aðlögunarliða við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 sem er að finna í 6. lið A-hluta VI. kafla í I. viðauka við löggin um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svþjóðar og aðlögun á sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á, bókunar 9. við samninginn um aðild Austurríkis, Finnlands og Svþjóðar, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1524/96, á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 30. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 29. janúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1999

1. VIÐBÆTIR

**SKJÖL Í VIÐAUKA VIÐ REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) NR. 881/92, EINS
OG ÞAU ERU AÐLÖGUÐ VEGNA EES-SAMNINGSINS**

(sjá aðlögunarlið e) í lið 26a í XIII. viðauka við samninginn)

I. VIÐAUKI

(a)

(Blátt kort - stærð DIN A4)

(Fyrsta síða leyfisins)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum EFTA-rikisins sem gefur leyfið út)

Ríkið sem veitir leyfið
Auðkenni ríkis⁽¹⁾

Heiti lögbærs
yfirvalds eða stofnunar

LEYFI NR.
til vöruflutninga milli landa
gegn gjaldi

Þetta leyfi heimilar.....
.....
.....
.....⁽²⁾

að stunda vöruflutninga á vegum milli landa á hvaða leið sem er, að því er varðar ferðir eða áfanga ferða sem eru farnar gegn gjaldi, á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins, Íslands, Liechtensteins og Noregs⁽³⁾, eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992, eins og hún var aðlöguð vegna sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, og í samræmi við almenn ákvæði þessa leyfis.

Sérstakar
athugasemdir:.....
.....
.....
.....

Þetta leyfi gildir frá og með til
Gefið út í þann⁽⁴⁾

⁽¹⁾ Auðkenni ríkjanna eru (IS) Ísland, (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.
⁽²⁾ Nafn eða firmanafn og fullt heimilisfang flutningafyrirtækis.
⁽³⁾ Hér á eftir vísað til sem „EFTA-ríkja“.
⁽⁴⁾ Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur leyfið út.

(b)

(Önnur síða leyfisins)

Þetta leyfi er gefið út samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins.

Það veitir leyfishafa rétt til að stunda vöruflutninga á vegum milli landa á hvaða leið sem er, að því er varðar ferðir eða áfanga ferða sem eru farnar gegn gjaldi, á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins og EFTA-ríkja og, eftir atvikum, með skilyrðum sem kveðið er á um í leyfinu:

- þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður eru í tveimur mismunandi löndum sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki, með eða án umflutnings um eitt eða fleiri aðildarríki EB eða EFTA-ríki eða þriðju lönd,
- frá aðildarríki EB eða EFTA-ríki til þriðja lands eða öfugt, með eða án umflutnings um eitt eða fleiri aðildarríki EB eða EFTA-ríki eða þriðju lönd,
- milli þriðju landa með umflutningi um eitt eða fleiri aðildarríki EB eða EFTA-ríki,

og ferðir án farms í sambandi við slíkan flutning.

Í flutningum frá aðildarríki EB eða EFTA-ríki til þriðja lands eða öfugt gildir þetta leyfi ekki fyrir þann hluta leiðarinnar sem farinn er á yfirráðasvæði aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis þar sem er fermt eða affermt.

Leyfið er bundið við leyfishafa og er ekki framseljanlegt.

Lögbær yfirvöld í EFTA-ríkinu sem gaf það út geta afturkallað það, til dæmis ef flutningafyrirtækið hefur:

- ekki uppfyllt öll skilyrði fyrir notkun leyfisins,
- veitt rangar upplýsingar að því er varðar gögn sem nauðsynleg eru vegna útgáfu eða endumýjun leyfis.

Frumrit leyfis skal geymt hjá vöruflutningafyrirtækinu.

Staðfest afrit leyfis skal geymt í ökutækinu ⁽¹⁾.

Þegar um er að ræða samtengd ökutæki skal það geymt í vélknúna ökutækinu. Það gildir fyrir tengivagna jafnvel þótt eftir- eða festivagninn sé hvorki skráður á nafn leyfishafa né hann hafi akstursleyfi fyrir honum eða ef vagninn er skráður eða með akstursleyfi í aðildarríki EB eða öðru EFTA-ríki.

Leyfinu skal framvísað hvenær sem viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

Á yfirráðasvæði allra aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja ber leyfishafa að fara að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem gilda í hverju landi, einkum að því er varðar reglur um flutninga og umferðarreglur.

⁽¹⁾ „Ökutæki“ er vélknúið ökutæki skráð í EFTA-ríki eða samtengt ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð í EFTA-ríki og eingöngu notað til vöruflutninga.